

Fundinn sátu:

Steinn Jóhannsson, Stefan Cristian Otte, Þórhalla Steinþórsdóttir, Helga Jóhannsdóttir (ritari), Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir (foreldraráð), Hildur Sverrisdóttir, Karl Sigurðsson, Ragnar Guðmundson, Hrafnhildur Anna Hannesdóttir (NFMH) og Unnur Lilja Hermannsdóttir (formaður).

Forföll: Margrét Nordahl

Dagskrá fundarins :

Efni fundarins er eftirfarandi skv. fundarboði

1. Skólastarfið á vorönn
2. Bráðabirgðauppgjör síðasta árs
3. Mögulegt samstarf við nemenda- og hollvinasamtök MH
4. Önnur mál

1. Skólastarfið á vorönn.

- Önnin fer vel af stað. Rúmlega 1000 nemendur. Færri eru að innritast um áramót og er líkleg skýring að færslur milli skóla hafi minnkað vegna þriggja ára stúdentsprófs. Hópar vorannar eru aðeins minni en vanalega og gekk betur að koma öllum fyrir í skólanum, stofulega séð. Kennslumagn er oftast minna á vorin en haustin og standa stærri greinar það af sér en minni verða meira fyrir barðinu. Þá jafnvel falla niður efri valáfangar. Litlar mannabreytingar milli anna. Í vor hætta tveir kennarar vegna aldurs. Þrír fara í námsleyfi næsta haust.
- Áfangastjóri er að fara í gegnum námskrárlýsingu á listdansbrautinni með Irmu hjá JSB, fyrir námskrárgrunninn. Tónlistarbrautin ætti svo að koma í beinu framhaldi. Stjórnendur voru á fundum með Irmu fyrir hönd listdanskólanna og ráðuneytinu um tilvonandi breytingar á listdanskennslu og umhverfi hennar.
- Foreldrafélagið gaf nemendum borðtennisborð í dag. Gjöfin var fjármögnuð með valkvæðum greiðslum nemenda í foreldrafélagið sem hófust síðasta haust. Foreldrafélagið styrkir edrú-pottinn, keypti áfengismæli og styrkir fyrirlesara fyrir fræðslukvöld. Spurning um fyrirlestur á lagningadögum á þeirra vegum.
- Samgöngustyrkur settur í gang – 12 umsóknir komnar, fer af rekstrarframlagi skólans.
- Flokkun á lífrænum úrgangi og plasti hófst í janúar og virðist ganga vel.
- Á dagskrá:
 - Áhugi á líkamsræktaráfanga – hjólað í skólann.
 - Hópur kennara fór á Bett ráðstefnuna í London.
 - Bókasafnið vill gera breytingar og setja upp vísi að fablab vinnustofu. Málið er í athugun og verið að biðla til kennara um þeirra sýn á máli.
 - Búið að ráða kennara í að endurskipuleggja heimsíðuna og setja aðaláhersluna á að gera skólanámskránnu sýnilega og gera um leið ýmsar lagfæringar.
 - Gopro – skjalastjórnunarkerfi verður tekið í notkun á þessari önn. Innleiðing hafin og verið að setja kerfið upp hjá starfsfólki.
- Nemendur eru að standa sig vel í hinum ýmsu keppnum. Líffræðikeppni framhaldsskólanna, Efnafræðikeppnin og Stærðfræðikeppnin. MH var í fyrsta sjónvarpsþætti Gettu betur og beið lægri hlut á móti MR (1. Febrúar).

2. Bráðabirgða uppgjör síðasta árs.

- Rekstaráætlun og uppgjör. Miklar framkvæmdir, tölvuvagnar, húsbúnaður og ýmislegt sem var kominn tími á að laga. Kennslustofur í gamla skólanum verða teknar í gegn í sumar. Kennarar vilja gera sitt til að gera allt vistlegra. Skólinn er á fjárlögum með 1,4 milljarð á ári. Mest fer í laun.
- Skólanefndin er boðin og búin til að ýta á stjórnvöld í þeim málaflokkum sem skólinn telur brýnt að tekið sé á. Það er helst í viðhaldi sem vantar að laga og það eru fasteignir ríkisins sem þurfa að koma þar inn. Spurning hvort að útgjöld vegna veikinda og biðlaunarétt sé eitthvað sem skólanefnd getur beitt sér fyrir að verði lagað –Þetta eru alltaf óvænt útgjöld hjá skólum.

3. Mögulegt samstarf við nemenda- og hollvinasamtök MH

- Rektor fundaði með hollvinasamtökkunum í desember og þau vilja fá að koma meira að skólastarfinu og fá skilgreiningu á sínu hlutverki gagnvart honum. Við viljum gjarnan hafa þau á októbertvikunni okkar og lagningadögum. Ættum að fá hollvinasamtökin til þess að koma með hugmyndir að því hvaða aðkomu afmælisstúdentar hafa að skólanum.
- Gamall nemandi vill gefa skólanum listaverk sem rektor hefur samþykkt að þiggja.
- Spurt var um sálfræðing skólans. Hvernig gengur með hann, þar sem þetta var tilraunaverkefni. Rektor sagði frá þjónustukönnun og ánægju með starf sálfræðingsins og allir sjá mikla þörf fyrir því að hafa hann. Verið er að sækja um styrk til að fá hafa hann áfram.

4. Önnur mál.

- Febrúarfundur með hollvinasamtökunum.
- Umræður um stúdentsprófið og einingafjölda, miðað við ef ráðuneytið er að borga fyrir ákveðinn fjölda ársnemenda út frá þriggja ára stúdentsprófi.
- Framhaldsskólakynningar í Laugardalshöll um miðjan mars og nemendur á vegum NFMH og námsráðgjafa fara og kynna út í grunnskólana.
- Spurning hvort að upplýsingar um nám fyrir nemendur sem eru að ljúka námsefni 10. bekkjar fyrr séu til og námsráðgjafar grunnskóla séu meðvitaðir um hvað hægt sé að gera fyrir þessa nemendur.

Skólanefnd vill fá að styðja við skólann í málefnum sem stjórnendur vilja koma á framfæri. Þetta hefur verið nefnt áður og gott að hafa þetta í huga fyrir næsta fund.

Næsti fundur miðvikudaginn 3. apríl 2019

Ritari: Helga Jóhannsdóttir